

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvöllir 33, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

85. fundur stjórnar Brunavarna Suðurnesja bs. haldinn fimmtudaginn 4. júlí 2024 kl. 16:00 í fundarsal félagsins að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mætt eru:

Guðný Birna Guðmundsdóttir, Trausti Arngrímsson, Magnús S Magnússon, Birgir Örn Ólafsson og Helga Jóhanna Oddsdóttir, Eyþór Rúnar Þórarinnson slökkviliðsstjóri, Jón Guðlaugsson fráfarandi slökkviliðsstjóri.

Dagskrá:

1. Staða fjármála.

Jón Guðlaugsson fór yfir stöðuna fyrstu 5 mánuði ársins sem líta vel út. Staða fjárhagsáætlunar er umfram væntingar.

2. Endurnýjum á körfubíl.

Eyþór Rúnar Þórarinnson fór yfir tilboðslýsingu vegna nýs stigabíls.

Stjórn veitir slökkviliðsstjóra heimild til að vinna málið áfram.

3. Starfsmannamál.

Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu starfsmannamála.

4. Breyting á prókúruhafa BS.

Stjórn veitir slökkviliðsstjóra Eyþóri Rúnari Eyþórssyni prófkúru fyrir hönd Brunavarna Suðurnesja bs. og um leið fellir úr gildi prófkúru fráfarandi slökkviliðsstjóra Jóns Guðlaugssonar.

Eyþór Rúnar Eyþórsson og Jón Guðlaugsson viku af fundi undir 5. lið dagskrár.

TA

5. Ráðningasamningur nýráðins slökkviliðsstjóra.

Stjórn samþykkir ráðningasamning við nýjan slökkviliðsstjóra Eyór Rúnar Eypórsson og felur formanni stjórnar Trausta Arngrímssyni að undirrita samninginn fyrir hönd stjórnar.

6. Önnur mál.

Ársskýrsla sjúkraflutninga 2023

Lögð fram.

Fráfarandi slökkviliðsstjóri Jón Guðlaugsson þakkar stjórn Brunavarna Suðurnesja fyrir samstarfið til margra ára.

Fundi slitið kl. 17:55.

Gudný Tima.
Steininn Guðlaugsson.
Helga Þ. Oddsdóttir.
Eggr Þurinn

Trausti Arngrímsson
Jón Guðlaugsson